

Ed. 621. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. mars.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 21/1984 og brbl. 102/1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M. kr.
a. Almenn deild	230
b. Verðjöfnunardeild	230
c. Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóði fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild, auk greiðslu fæðispeninga, greiða 80 m. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.